



1. Vallarmörk (regla 2.1).

Vallarmarkarhlutir eru hvítar stikur og girðingar umhverfis völlinn sem teljast varanlega fastar. Bolti er útaf: Ef hann stöðvast í golfskála, stétt við hann, á bílastæði eða æfingafliötum. Við leik á 1. holu, ef hann stöðvast vinstra megin við hvítar vallamarkastikur.

2. Staða hluta.

Óhreyfanlegar hindranir eru allar fjarlægðamerkingar, hleðslustöðvar fyrir slátturóbóta, bekkir, ruslatunnur, teigmerkingar, þvottastandar, ræsi og fastir hlutar vökvunarkerfis ásamt jarðföstum steinum á snöggslegnu svæði. Hreyfanlegar hindranir eru rauðar og bláar stikur ásamt grænum umferðahælum og köðlum.

3. Slegið í rafmagnslínu (Regla 14.6).

Ef bolti er sleginn í rafmagnslínu skal höggið endurtekið vísitlaust frá þeim stað sem upphaflega höggið var slegið.

4. Vítasvæði.

Rauð vítasvæði eru allt hraun við 3. 4. 7. 8. 14. 15. 16. og 17. holu. Mörk vítasvæðana framlengjast óendanlega handan marka sem eru ímynduð lína sem fylgir jaðri reglulega slegins svæðis næst hrauni og jaðri stíga sem liggja að þeim. Fallreitir. (DZ) viðbótarkostur Vinstra megin við flötina á 6. holu er fallreitir vegna lausnar frá þjónustuvegi aftan við flötina. Framan við 15. teig er fallreitir vegna lausnar frá vítasvæði þegar 15. hola er leikin.

5. Bolti á hreyfingu hittir hlut (slátturóbóta) af slysi.

- Leika þarf boltanum þar sem hann liggur, nema ef boltinn stöðvast á róbótanum, sbr. undantekningu 1 við reglu 11.1b. Bolti stöðvast á hlut á hreyfingu.
- Ef róbóti skemmir kyrrstæðan bolta í leik gildir regla 4.2c. Leikmaðurinn má þá skipta um bolta ef boltinn er skorinn eða sprunginn.
- Hafi boltinn færst úr stað gildir regla 9.6 og leggja þarf boltann á upphaflegan stað.
- Ef boltinn brotnar við að lenda í róbóta eftir högg gildir regla 4.2b. höggið gildir ekki og leika verður öðrum bolta þaðan sem fyrra högg var slegið.

6. Grund í aðgerð (Regla 16.1)

Blámerkt svæði. Leika má innan svæðisins en veitt er vísitlaus lausn úr grund í aðgerð. Ómerkt skemmd svæði sem liggja upp að vegum og stígum með manngerðu yfirborði teljast samfelldar óeðlilegar vallaraðstæður þegar lausn er tekin samkvæmt reglu 16.1.

7. Nýlagt torf er grund í aðgerð

8. Viðbótarlausn ef bolti er týndur eða útaf.

Dragðu línu sem liggur frá holu í gegnum stað "A" þar sem bolti er líklegast týndur eða fór útaf og línu frá holu dregin í brautarjaðar í gegnum punkt "B" (A og B eru jafn langt frá holu). Boltan má láta falla á skyggða svæði "C" sem þannig myndast eða allt að tvær kyflulengdir utan við það sbr. mynd, [gegn tveimur vítahöggum](#).

Undantekning: Þessa reglu má ekki nota ef bolti finnst á völlum er týndur í vítasvæði eða ef varabolta er leikið.

Að öðru leyti skal leika samkvæmt golfreglum "Rules of golf as approved by R&A Limited and The United States Golf Association". [Víti fyrir brot á staðarreglu: Almenn viti: 2 högg í höggleik og holutap í holukeppni](#)



Leiðbeinandi viðmið vegna leikhraða! Klukkur staðsettar við 6. og 15. teig eru stilltar þannig að þær sýni rástíma hópsins þegar þangað er komið ef leikur er skv. áætlun og frávik ef einhver eru. Sími í golfskála 5850050